

9. gr.

20

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn 23. júní í fjárlögum.

10. gr.

Nánari fyriræli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

21

um

23. júní

skiptameðferð á búi Sildareinkasölu Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bú Sildareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanevnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra

21 skipar. Skilanefnd kemur í stað stjórnar einkasölunnar, og hefir samskonar 23. júní vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi einkasölunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennar að eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildinguna gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óseltrar sildar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt, og má í reglugerð þessari vikja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Sild sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á sildinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merkingu þeirrar sildar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar sildar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölunnar í sambandi við samninga um sölu á sild, sem gerðir hafa verið af einkasölnni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanefndar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar sildar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda að svo miklu leyti, sem samrímlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búsins, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

21

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, svo og lög nr. 60, 9. sept. 1931, um breyting á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

22

23. júní

um

forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.